Borgarstjórn Reykjavíkur
17. nóvember 2026

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um að aukinn meirihluta þurfi til að selja mikilvæg innviðafélög í eigu sveitarfélaga

Borgarstjórn samþykkir að beina því til Alþingis að við vinnu á endurskoðun sveitastjórnarlaga nr. 138/2021 verði hugað að eftirfarandi breytingu, með það að markmiði að tryggja vernd almannaeigna. Lögfest verði skilyrði um aukinn meirihluta atkvæða í sveitarstjórn, svo sem tvo þriðju hluta (2/3) atkvæða, þegar tekin er bindandi ákvörðun um sölu eða ráðstöfun á meirihlutaeign í mikilvægum innviðafyrirtækjum í eigu sveitarfélaga, s.s. veitufyrirtækjum, orkufyrirtækjum, höfnum og fjarskiptafyrirtækjum sem ráða yfir grunninnviðum.

Greinargerð

Mikilvægir innviðir í eigu sveitarfélaga eru sameiginlegar eignir íbúa, sem oft hafa verið byggðar upp með fjárfestingum margra kynslóða. Ákvörðun um að selja slíkar eignir getur haft varanleg áhrif á samfélagið, meðal annars á aðgengi að grunnþjónustu, verðlagningu hennar, samkeppni og möguleika sveitarfélaga til að hafa áhrif á þróun innviða til framtíðar auk þess sem sala á innviðum getur haft áhrif á almannaöryggi, eins og í tilviki ljósleiðara. Slíkar ákvarðanir eiga því að krefjast víðtækrar pólitískrar samstöðu í stað þess að hægt sé að knýja þær í gegn með naumum meirihluta. Krafa um aukinn meirihluta er í því samhengi ekki hindrun gegn lýðræðislegri ákvarðanatöku heldur leið til að tryggja að ákvarðanir sem binda hendur komandi kynslóða byggist á víðtækari samstöðu kjörinna fulltrúa.

Samkvæmt 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hefur sveitarstjórn ákvörðunarvald um ráðstöfun eigna sveitarfélagsins. Meginregla laganna er að afl atkvæða ráði úrslitum við afgreiðslu mála. Það þýðir að einfaldur meirihluti kjörinna fulltrúa getur tekið ákvarðanir um sölu eigna sem hafa verið í almannaeigu um áratugaskeið og kunna að hafa grundvallarþýðingu fyrir komandi kynslóðir.

Samkvæmt lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, teljast til mikilvægra innviða rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu á sviði bankastarfsemi og innviða fjármálamarkaða, flutninga, heilbrigðisþjónustu, orku-, hita- og vatnsveitna og stafrænna grunnvirkja. Í nýsamþykktum lögum nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu eru mikilvægir innviðir meðal annars taldir þeir sem tengjast orku, hitaveitu, vatns- og fráveitu, samgöngum og fjarskiptum. Endurspegla lögin þá grundvallarafstöðu að ráðstöfun mikilvægra innviða sé ekki venjuleg viðskiptaákvörðun. Eðlilegt er að sambærileg sjónarmið um vernd almannahagsmuna komi til skoðunar þegar sveitarfélög ákveða sjálf að láta slíkar eignir eða yfirráð yfir þeim af hendi. Því er lagt til að tillagan byggi á sömu skilgreiningum.

Sama hugsun um aukinn meirihluta býr að baki lögum um hlutafélög nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 1. mgr. 93. gr. laganna er ákvörðun um breytingu á samþykktum félags aðeins gild ef hún hlýtur samþykki að minnsta kosti tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða og jafnframt samþykki hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Sami aukni meirihluti gildir samkvæmt 124. gr. laganna þegar félag er sameinað öðru félagi og

samkvæmt 133. gr. þegar félagi er skipt upp og eignir þess færðar til annarra félaga. Til að slíta félagi gerir 110. gr. enn ríkari kröfu, því þá þurfa hluthafar sem ráða yfir að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum alls hlutafjár félagsins að standa að ákvörðuninni en ekki aðeins tveir þriðju þeirra sem mæta á fundinn. Löggjafinn hefur þannig talið að ákvarðanir sem breyta eðli félags eða binda enda á það eigi ekki að ráðast af naumum meirihluta, jafnvel í félögum í einkaeigu þar sem hluthafarnir hætta eigin fé en ekki fé almennings. Verður vart séð að minni ástæða sé til slíkrar verndar þegar um er að ræða sameiginlegar eignir almennings sem varða almannaöryggi og hafa sem slíkar einnig grundvallarþýðingu fyrir samfélagið og komandi kynslóðir.

Fyrirkomulagið þekkist hjá Orkuveitunni, sem borgin á 93,539% hlut í ásamt Akraneskaupstað (5,528%) og Borgarbyggð (0,933%), þar sem þarf samþykki eigenda þriggja fjórðu eignarhluta til að breyta sameignarsamningi og enginn eigandi getur gengið úr fyrirtækinu nema með samþykki hinna. Það skýtur því skökku við að borgin geri ríkari kröfu um samstöðu sveitarfélaga þegar grundvallarákvarðanir eru teknar innan Orkuveitunnar en um samstöðu í borgarstjórn sjálfri.

Tillagan kemur fram á tíma og sala innviða borgarinnar hefur verið sett á dagskrá af forsvarsmönnum nýs meirihluta borgarstjórnar, sem hafa sett ákvæði um sölu dótturfélaga Orkuveitunnar, Ljósleiðarans og Carbfix í verkefnaskrá meirihlutans. Í lok október samþykkti hluthafafundur Orkuveitunnar að breyta mætti eignarhaldi Ljósleiðarans með fyrirvara um staðfestingu eigenda Orkuveitunnar. Þegar meirihlutinn boðar á sama tíma umfangsmikla hagræðingu er hætta á að innviðir sem byggðir voru upp fyrir margar kynslóðir verði seldir til að mæta tímabundnum rekstrarvanda eða þjóna pólitískri hugmyndafræði um einkavæðingu.

Hægriflokkarnir hafa um árabil litið á opinbera innviði sem eignir sem bíða eftir kaupanda fremur en sameiginlega undirstöðu samfélagsins. Reynslan af þeirri stefnu er dýrkeypt, því grunnnet fjarskipta fór úr almannaeigu þegar Síminn var seldur árið 2005 og einkavæðing bankanna var ein af afdrifaríkum forsendum fyrir hruni fjármálakerfisins árið 2008.

Samfylkingin hefur aðra sýn og vill að veitur, orka, fjarskiptanet og aðrir grunninnviðir séu áfram í eigu almennings svo arðurinn renni til þjónustu við borgarbúa, verðið taki mið af hagsmunum neytenda en ekki ávöxtunarkröfu fjárfesta og kjörnir fulltrúar beri ábyrgð á rekstrinum gagnvart kjósendum. Mikilvægi innviðafélaga á borð við Ljósleiðarann fyrir samfélagið hefur einungis aukist á undanförnum árum og tengist þáttum á borð við almannaöryggi í tengslum við náttúruvá, samkeppni á fjarskiptamarkaði, verðlagningu til almennings og fyrirtækja, vörnum gegn fjölþáttaógnum og þjóðaröryggi. Samfylkingin leggur höfuðáherslu á að slík fyrirtæki verði áfram í opinberri eigu til að standa vörð um almannahagsmuni.